

Könnun Skólapúlsins
meðal foreldra
nemenda í
Garðaskóla 2015



Sigurður Stefán Haraldsson tók saman
Apríl 2015

Í könnun sem lögð var fyrir úrtak foreldra (u.þ.b. 90 manns) í febrúarmánuði var spurt um mjög margskonar þætti sem falla undir flokkana nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf, heimastuðning, og loks voru opnar spurningar þar sem fólk mátti skrifa eins og það vildi um það sem gott er í skólanum og um það sem betur mætti fara. Í lokin var svo aukaspurning um hvað fólk finnst um Námfús forritið sem tekið var í notkun í upphafi skólaárs. Mælikvarðinn sem svörin raðast á byggir á viðhorfum foreldra til staðhæfinga innan hvers þáttar með gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Sú staðreynd vekur einmitt upp spurningar um hvort þyrfti að skoða hvernig þetta er mælt nánar með logarítmakvarða eða ekki því einkunnin 5 er sögð meðaltal og þegar kemur að t.d. ánægju foreldra með samskipti starfsfólks skóla við nemendur, svo eitt dæmi sé tekið, þá hljómar einkunnin 4,7 hjá Garðaskóla gegn 4,8 landsins ekkert sérstaklega vel. Fólk hlýtur að miða herra en það, þó allt virðist með eðlilegum hætti. Í þessari skýrslu er áherslan hins vegar á það að bera Garðaskóla saman við landið, frekar en að miða út frá meðaleinkunninni 5, auk þess auðvitað að taka saman það helsta sem foreldrar eru ánægðir með í Garðaskóla og það sem þeir vilja sjá lagast. Í lokin eru svo viðauki 1 og viðauki 2 sem innihalda jákvætt og neikvætt orðaský úr umsögnum foreldra.

Lokaðar spurningar


Nám og kennsla

Ánægja foreldra með nám og kennslu í Garðaskóla mælist 5,8 sem er marktækt herra en landið með 5,2. Við vorum með 6,0 árið 2013, 5,7 árið 2014 og því er þetta í rétta átt aftur í ár. Það kemur þó fram kynjamunur þar sem foreldrar drengja mælast með 6,0 en foreldrar stúlkna með 5,5. Í sambandi við stjórnun skólans kemur í ljós að allir (100%) eru afar ánægðir sem er aftur marktækt meira en landið (91%). Þegar lagt er mat á hvort þyngd námsefnis er hæfileg þá eru tæp 89% foreldra ánægð með það á móti tæpum 85% á landinu. Rétt rúm 90% foreldra telja hæfilegan aga ríkja í skólanum (landið 78%). Athyglisverður er þó munurinn milli kynja en rúm 97% foreldra drengja á móti tæpum 85% foreldra stúlkna í skólanum telja hæfilegan aga ríkja. Nokkru munar varðandi það hvort fólk telji hæfilega áherslu á námsmat með hefðbundnum prófum, Garðaskóli mælist með tæp 69% en landið rúm 77% og er munurinn neikvæður upp á tæp 8%. Að sama skapi er nokkur munur þegar litið er til námsmats með öðru en hefðbundnum prófum, tæp 68% foreldra nemenda í Garðaskóla finnst áherslan hæfileg á móti rúmum 77% foreldra á landinu, munurinn er neikvæður upp á 9,5%, en hlutfall foreldra sem telja það hæfilegt hækkar þó um tæp 5% milli ára sem er jákvætt. Þetta rímar við það sem kemur fram í opnu spurningunum (sjá neðar) þar sem foreldrar segja að áhersla á eiginleg próf sé of mikil. Að lokum er í jafnvægi við landið og alveg við meðaltalið 5 liðurinn nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár.

Velferð nemenda

Hér verða kynntar niðurstöður í sambandi við velferð nemenda. Í stuttu máli má segja að Garðaskóli sé mjög í takt við landið og tölur sýni jákvæða mynd. Athyglin beinist að þáttum sem snerta eineltismál en þeir koma umtalsvert betur út fyrir Garðaskóla en hjá landinu.

Ánægja foreldra með samskipti nemenda við starfsfólk (4,7) er samhljóma við landsmeðaltalið. Skólinn mætir þörfum nemenda vel að mati foreldra, meira en 95% foreldra eru ánægð, meðan landið fær tæp 90%. Á sama hátt er líðan nemenda í skólanum betri en almennt á landinu, tæp 97% á móti 93%, en foreldrar stráka mælast 2% hærra. Mjög svipað hlutfall, rúm 95%, mælist fyrir líðan í kennslustundum og þá á það við bæði kynin. Líðan nemenda í frímínútum mælist 100% góð eða mjög góð hjá strákum en rúm 89% hjá stúlkum. Þegar foreldrar eru spurðir hvort barn þeirra hafi orðið fyrir einelti kemur í ljós að tæp 7% segja svo vera en á landinu eru það rúm 17%. Þarna skiptist ójafnt meðal kynjanna, rúm 2% drengja á móti rúmum 10% stúlkna.



Mynd 2. Umfang eineltis í Garðaskóla að mati foreldra í samanburði við landið.

Foreldrar eru áberandi ánægðari með því úrvinnslu skólans á eineltismálum, 75% á móti 62% landsins eru ánægðir. Hraði á úrvinnslu eineltismála virðist líka vera meiri en á landinu því 86% eru ánægð í Garðaskóla á móti 59% á landinu öllu. Eineltisáætlun skólans fær 92% foreldra til að lýsa sig ánægða á móti 79% á landinu. Einelti stendur líka mun styttra yfir ef það kemur upp á annað borð. Könnunin spyr líka hvar einelti á sér stað, sem væri mikilvægt að skoða, en úrtakið er of lítið til að svara því eða alhæfa fyrir fjöldann því þeir sem svara þeim liðum eru frá 0 til 5 þátttakendur.

Aðstaða og þjónusta


Þegar foreldrar eru beðnir að taka afstöðu í heild til aðstöðu í skólanum, um frímínútur, matartíma, tómsundaiðkun, tölvur, kennslustofur, list- og verkgreinar, íþróttir og ástand húsnæðis kemur í ljós að foreldrar eru í meðallagi ánægðir (5,3) og mælast rétt ofan við landið. Ánægja foreldra með sérkennslu/stuðning er rúm 86%, en var 93% 2013. Kynjamunur kemur einnig fram, 90% foreldra stráka en 81% foreldra stúlkna eru ánægðir eða mjög ánægðir. Nemendur með sérstuðning eru þó um 3% færri en almennt gerist á landinu eða rúm 24% á móti 28%. Hlutfall nemenda í sérkennslu með einstaklingsáætlun hefur lækkað úr 37% í 22% á tveimur árum og er athyglisvert að hlutfall stúlkna er aðeins 8% á meðan landið er með 26%. Þess ber þó að geta að úrtakið sem svaraði þessum lið var 5 manns. Allir þeir sem tóku afstöðu til sálfræðiþjónustu er mjög ánægðir með hana.

Foreldrar barna sem nýta mötuneyti skólans voru spurðir hversu ánægðir þeir eru með máltíðirnar. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru mjög eða frekar ánægðir og mælast rúm 71% þeirra ánægðir. Hinsvegar er mjög umtalsverður munur á því hlutfalli sem borðar heitan mat í hádeginu, 40% á móti 86% landsins.

Foreldrasamstarf

Spurningin um frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi byggir á staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um frumkvæði kennara skólans að samstarfi við þá. Þar mælist Garðaskóli neðar en landið, 4,1 á móti 5,0.

Í spurningunni um áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur er reiknað hlutfall þeirra foreldra sem telja sig hafa frekar mikil eða mjög mikil áhrif. Garðaskóli mælist töluvert neðar en landið, 46% á móti 56%. Þær sveiflur sem verða milli ára eru athyglisverðar en árið 2013 mældust í Garðaskóla 52%, 2014 mældust 61% og nú 46%.




Mynd 3. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur milli ára.

Foreldrar eru spurðir hvaða þætti í skólastarfinu þeir telja sig hafa áhrif á. Áberandi er hversu fáir taka afstöðu til þess, en helstu niðurstöður eru að þeir telja að þeir hafi helst áhrif á foreldrasamskipti (33%), sem er þó lægra en á landinu öllu (42%), en meiri áhrif á námshraða barna sinna (32%) heldur en landið telur sig hafa (17%). Foreldrar voru líka spurðir á hvaða þátt þeir vildu fá að hafa meiri áhrif og kom fram að þeim finnst yfirleitt ekki þörf fyrir meiri áhrif en þeir hafa, nema í einum þætti, kennslufyrirkomulagi, þar sem 21% vildu meiri áhrif samanborið við 17% á landinu öllu. Í liðnum ánægja með síðasta foreldraviðtal kom fram ánægja 96% foreldra nemenda í Garðaskóla sem er svipað og á landinu öllu. Það sem var rætt um í síðasta foreldraviðtali var ekki öðruvísi en það sem rætt er í öðrum skólum, en þó kom fram munur varðandi samskipti í bekknum þar sem 39% segjast hafa rætt það á móti 58% á landinu öllu. Það mætti þó hugsanlega skýra a.m.k. að hluta til með ferðakerfinu því nemendur eru ekki alltaf með sömu nemendum í kringum sig í mismunandi ferðum, ólíkt flestum öðrum grunnskólum landsins. Þegar foreldrar eru spurðir hvort þeir hafi tekið þátt í gerð námsáætlunar fyrir barnið hafa 60% foreldra í Garðaskóla gert það einu sinni eða oftár en á landinu öllu 54%. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum mælist yfir 80% hjá foreldrum í Garðaskóla og landinu, sem er athyglisvert. Tæp 80% foreldra eru ánægðir með heimasíðu skólans, og hvernig þeir eru upplýstir um stefnu skólans og námskrá.

Heimastuðningur


Þátttaka foreldra í námi barna sinna mælist nokkru minni (3,9) en á landinu öllu (4,9) og hefur sú staða verið uppi a.m.k. síðustu þrjú ár.



Mynd 4. Virkni foreldra í námi barna sinna, ársmeðaltöl.


Foreldrar barna í Garðaskóla hafa sömu trú og á landinu á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið (4,6 og 4,7). Nokkru minni eftirspurn er frá nemendum Garðaskóla til að fá foreldra sína til að hjálpa sér með námið, 3,6 á móti 4,4. Hlutfall foreldra sem telja heimavinnu barna sinna hæfilega mikið er aðeins lægra en á landinu, 67% á móti 73%. Það kemur í ljós að foreldrar stráka í Garðaskóla skera

sig úr að því leiti að þeim finnst heimavinna nemenda ekki nærri því eins hæfileg og öðrum foreldrum.



Mynd 5. Hæfileg heimavinna að mati foreldra eftir kyni nemenda.

Í takt við það er hlutfall þeirra foreldra sem nota meira en 15 mínútur í aðstoð við heimanám barnsins síns, það mælist verulega lægra en á landinu eða 20% á móti 52%. Hér er þó lítil munur milli kynja í Garðaskóla.



Mynd 6. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám eftir kynjum

Í lokin, þá hafa foreldrar nemenda í Garðaskóla meiri væntingar (88%) um það að barn þeirra ljúki háskólanámi en foreldrar á landinu (78%) og nánast enginn kynjamunur (stúlkur 87% og strákar 89%) sem er áhugavert í ljósi þess að 11% munur mælist á landinu öllu og meiri væntingar til stúlkna (83%) en stráka (72%).

Opnar spurningar

Almennt virðist ríka mikil ánægja með Garðaskóla meðal foreldra nemenda. Umsagnir eru mjög jákvæðar á mörgum sviðum, hann er sagður frábær og mjög góður og þau orð tengd margskonar þáttum og dæmum. En auðvitað eru ekki allir foreldrar ánægðir með allt og kemur fram gagnrýni og ábendingar á ýmsum

sviðum til móts við jákvæðu athugasemdirnar. Hér kemur samantekt helstu atriða úr opnum svörum foreldra.

Nemendum líður vel

Nemendum líður almennt mjög vel í skólanum að sögn foreldra. Vel er haldið utan um nemendur og vel fylgst með líðan þeirra. Vel er tekið á móti nýjum nemendum og hefur starf námsráðgjafa hjálpað þeim mjög mikið. Nemendur eru almennt í góðu standi félagslega og í ágætu sambandi við starfsfólk. Bent er á að það sé gott að mega vera inni í frímínútum og góð aðstaða sé fyrir nemendur til að vera saman í frímínútum og það þétti nemendahópinn. Skólinn er sagður frjálslægur og þægilegur, opinn og lýðræðislegur, þar ríki góður andi og agi, jákvæðni gagnvart nemendum og góður friður fyrir nemendur að stunda sitt nám. Ennfremur er félagslífið í skólanum sagt líflegt og gott. Eitt foreldri lýsir ánægju sinni með skólann hvað varðar líðan nemenda meðal annars með þessari setningu:

“Sonur minn vaknar á morgnana og kvíðir því ekki að mæta í skólann, það segir mér meira um skólann en einkunnir hans :)”

Nökrum sinnum kemur fram hjá foreldrum sú skoðun að sund ætti að vera kynjaskipt, þó nokkrir nemendur upplifi vanlíðan vegna núverandi fyrirkomulags og hugsanlega myndu mætingar batna með breytingu þar á.

Samskipti við foreldra - Upplýsingastreymi - Sveigjanleiki

Ekki eru allir sammála um hversu góð samskipti milli skólans og foreldranna eru, rætt er um góð tengsl við starfsfólk og vel sé komið til móts við óskir fyrir einstaklinga þegar beðið er um það en helst geti skólinn bætt sig í upplýsingastreymi þegar allur nemendahópurinn á í hlut.

Nefnt er að það ætti að upplýsa betur um stöðu nemanda yfir námsönnina. Það vantar meiri upplýsingar um það sem er að gerast svo foreldrar geti fylgst betur með. Foreldrar ættu að vera virkari í starfinu, það væri hægt að virkja þátttöku þeirra betur. Bent er á að mikilvægt er að foreldrar standi saman og skólinn gæti veitt þann vettvang, hægt væri að gera t.d. meira á fyrsta fundi á haustin þar sem allir kynni sig, hittist oft, osfrv, því meiri kynni auka samkennd.

Skólinn þarf að passa betur að láta foreldra vita ef eitthvað kemur upp, t.d. vegna agabrots, bent er á að misbrestur hafi verið á því. Það eigi að láta vita á netfang foreldris ef nýjar upplýsingar eru settar inn „því nemendur gleyma að láta vita af öllu“. Kennarar mættu setja inn með meiri fyrirvara þegar próf eru og sumir kennarar þurfa að passa að svara póstinum sínum en nefnt er að það sé ekki alltaf gert.

Aftur á móti lýsa allnokkrir foreldrar almennri ánægju sinni með viðbrögð skólans á ýmsum sviðum, hann sé sveigjanlegur og bregðist hratt og vel við. Það er t.d. vel komið til móts við óskir um stundatöflubreytingar og það er auðvelt að ná sambandi við allt starfsfólk, hvort sem það eru stjórnendur, kennarar, námsráðgjafar. Það er líka ánægjulegt að foreldrum finnst að börnin þeirra virðast vita hvert þeir eiga að snúa sér með það sem þarf.

„[Það eru] auðveld og góð samskipti við kennara og starfsmenn í gegnum tölvupóst. Skólinn bregst hratt og vel við þegar einhverjar uppákomur verða vegna námsframvindu barnsins. Er almennt mjög ánægð með skólan.“

Samskipti kennara og nemenda

Almennt er vel talað um samskipti kennara og nemenda og nefnt er að lögð sé áhersla á kosti nemenda frekar en galla og þeir séu hvattir áfram. Það ríki því almennt séð jákvætt og uppbyggjandi andrúmsloft, eins og lýst er í liðnum „Líðan nemenda“ hér að ofan.

Hinsvegar finnst sumum foreldrum að samskipti kennara við nemendur gætu og þyrftu að batna. Samkvæmt þeim eru samskiptin ópersónuleg, það vanti meiri nálægð, og nemendur eru sagðir ekki fá þá virðingu til baka sem þeim er sagt að sýna öðrum. Skólinn reynir að kenna nemendum að sýna öðrum virðingu en það þarf að hlusta betur á nemendur og tala við þá af virðingu líka á sama hátt og gætu foreldrar haft hlutverk í því líka:

„[Það ætti að] taka frá þá nemendur sem skemma kennslustundir fyrir öðrum. Gera meiri kröfur um kurteisi og virðingu fyrir fólki og umhverfi. Þar má gjarnan kalla foreldra til ábyrgðar og hjálpar.“

Inn í þessa umræðu kemur líka fram að það væri æskilegt að meta virðingu milli mismunandi hópa í skólanum og að fjarlægð milli þessara aðila væri hugsanlega einhvers konar hindrun:

„Það ætti að meta menningu meðal nemenda innan skólans og sjá hvað vantaði og takast á við það. Það mætti líka meta virðingu milli nemenda og kennara og starfsfólks skólans. Ég held að það sé of breitt bil á milli fullorðinna og barna í skólanum sem skilar ópersónulegri upplifun hjá börnunum. Það þarf meiri skilning og nálægð milli fullorðinna og barna.“

Námsframboð

Flestum þykir mjög gott námsframboð í skólanum, margskonar spennandi og fjölbreytilegir valáfangar sem er mjög jákvætt og það er alltaf að aukast. Séraðstoð er boðin þar sem nemendur eru veikir fyrir. Fjármálalæsi er mjög jákvæð viðbót. Yndislestur þykir mjög góð nýjung. Aftur á móti finnst sumum að valgreinar mættu

vera í boði í 8.bekk en það tengist umræðunni um að taka upp ferðakerfi þar. Fjármálalæsi ætti t.d. að byrja í 8.bekk og þar ætti að fara yfir hvernig maður les úr launaseðlum, margir á þessum aldri vita ekki hvað persónuafsláttur er.

Svo koma fram viðhorf um að það vanti meiri hreyfingu og fleiri verklegar greinar, meiri tölvukennslu og forritun, og þriðja tungumálið, t.d. spænsku. Lífsleikni ætti svo að vera í sértímum því þar gæti mikið og gott nám átt sér stað sem fer minna fyrir þegar því er blandað við umsjón og annað.

Ferðakerfið

Í sambandi við ferðakerfið þá er það mjög jákvætt í augum foreldra, nemendum er boðið upp á nám á þeim hraða sem best hentar miðað við getu sem er öllum nemendum til góðs. Foreldrar segja að þörfum nemenda sé mætt af metnaði svo allir komi sem best undirbúnir inn í framhaldsskóla. Rætt er um aukinn námsárangur nemenda þegar þeir hafa komist á réttan námshraða og þeir öðlast meira sjálfstæði í sínu námi. Miklar kröfur eru gerðar til nemenda en það undirbýr þá bara enn betur fyrir framhaldið. Flugferðir sem boðið er upp á fá mjög jákvæð ummæli. Í framhaldi af því fara nemendur í framhaldsskólaáfangu sem skila þeim einingum í framhaldsskóla og það er dæmi um hvetjandi námsumhverfi. Einn svarenda lýsir sinni afstöðu svona:

„Barninu mínu líður vel í skólanum viðmót kennara og annarra starfsmanna skólans virðist vera mjög gott í garð krakkanna. Það eru gerðar miklar kröfur námslega séð sem er gott og ég hef heyrt að þau komi vel undirbúin fyrir framhaldsskóla.“

Annað foreldri, eins og margir aðrir, tekur undir þetta síðasta atriði á svipaðan hátt:

„Að mínu mati er Garðaskóli góður undirbúningur fyrir framhaldsnám ... Kerfið virðist styðja börnin í að þróa með sér ákveðna námstækni, þ.e. læra að læra. Mér líkar vel við að hafa fagmenntaða kennara í mörgum fögum.“

Nám nemenda, próf og álag

Álit foreldra er ekki í eina átt um þetta efni. Nefnt er að nemendur hafi allt of lítið að gera, eða foreldrar verða ekkert varir við nám barna sinna þar sem því ljúki yfirleitt í skólanum. Ennfremur að lítið eða ekkert heimanám sé slæmt fyrir framhaldið því nemendur kunna ekki að skipuleggja tíma sinn. Það væri hægt að gera mun meiri kröfur til nemenda hvað varðar námshraða og árangur þó það mætti vera meira um símat en minna um stöðluð próf.

En svo eru einmitt aðrir með þá skoðun að það sé allt of mikil vinna og álag. Það eru of mörg próf og verkefni á sama tíma og of mikið heimanám, að þeirra mati. Einn bendir á að próf mætti e.t.v. skrá í sameiginlegan gagnagrunn til að auka

dreifingu þeirra. Svo finnst sumum foreldrum að það lendi á þeim að aðstoða börn sín:

“[Það er] of mikið heimanám, sérstaklega þar sem oft er ekki búið að fara nógu vel yfir efnið í skólanum. Sem þýðir að ég þarf að vera að google og leita að efni og reyna að útskýra hluti sem ég man ekki eftir eða þekki ekki eða hef lært öðruvísi, t.d. deilingu. Þá spyr maður sig, hvað er verið að gera í skólanum?”

Kennarar og kennsla

Foreldrar hafa flestir gert sér grein fyrir að það eru fagmenntaðir kennarar í mörgum eða flestum námsgreinum í Garðaskóla. Kennslan er yfirleitt sögð mjög góð, metnaðarfull og skipulögð, og í tímum ríki ágætis agi sem allt skili sér til nemenda sem margir komi mjög vel undirbúnir í framhaldsskóla. Foreldrar segjast bæði vita þetta af fyrri reynslu með eldri nemendum eða segjast hafa heyrt aðra tala á slíkum nótum.

En fram kemur líka að sumum foreldrum finnst vera lítil ástríða eða áhugi hjá sumum kennurum í starfi sínu og að það sé of lítil vinna fyrir nemendum, sérstaklega þá sem standa sig vel námslega. Þess vegna leiðist sumum nemendum hreinlega, því það sé í raun lítil áskorun fyrir þá í skólanum. Ennfremur er bent á að megi vera meiri fjölbreytni í kennsluháttum:

“Barnið mitt kvartar yfir því að það séu bara glærur í öllum tímum.”

Mötuneytið

Skiptar skoðanir eru á mötuneytinu. Sumir eru nokkuð sáttir með matinn en það ber þó mun meira á neikvæðum röddum. Það virðist vera vinsælt kvörtunarefni heima við hvað maturinn í skólanum er ekki góður. Foreldrar óska líka eftir ódýrari möguleikum í mötuneytinu, og benda á að maturinn sé ekki nógu hollur og ekki ferskur því hann er ekki eldaður á staðnum. Það viðhorf helst í hendur við niðurstöðurnar úr lokuðu spurningunum um mötuneytið þar sem aðeins 40% nemenda er í áskrift á móti rúmum 80% á landinu.

Félagsmiðstöðin

Félagslífið er nokkrum sinnum rætt í jákvæðu ljósi, foreldrar segja að það sé gott og líflegt. Hinsvegar kemur líka fram nokkrum sinnum að það vanti meiri tengsl við foreldra og það mætti tilkynna betur hvað er á dagskrá. Þannig er fyrirkomulagið í framhaldsskólum og meiri upplýsingar myndu bara efla starfsemina. Tengsl gætu þannig aukist við eldri nemendum en foreldrar segja

einmitt að þeir séu ekki að sækja mikið í félagsmiðstöðina nema böllin. Félagsstarfið er sagt nokkuð dýrt.

„Mér sýnist félagsstarfið sem tengist Garðalundi ekki ná til krakkanna og þau lítið mótiveruð að sækja það sem þar er í boði.“

Námfús

Sérstök opin spurning var í könnuninni um hið nýja forrit Námfús sem tekið var í notkun síðastliðið haust í stað mentor. Foreldrar voru spurðir hversu vel eða illa þeim líkar að nota það. Óhætt er að segja að skoðanir séu skiptar, sumir eru mjög ósáttir meðan aðrir eru mjög sáttir. Einhverjir eru að öðlast trúna á meðan aðrir hafa ákveðið að Mentor sé einfaldlega betri og skilja ekki hvers vegna var skipt. Áberandi er þó að sjá að þeir sem hafa lagt sig fram um að læra réttu handtökin eru ánægðir og virðast sem sagt hafa komist yfir byrjunarörðugleika og gera sér grein fyrir að það hafa kennarar þurft að gera líka. Einnig kemur nokkrum sinnum fram hjá sumum að hafa ekki nennt að setja sig inn í málin, Mentor sé auðveldari og notaður í hinum skólunum og Námfús sé flóknari og þess vegna fari foreldri mun sjaldnar inn á þá síðu, eða jafnvel alls ekki. Nefnt er að betra væri ef allir skólar væru með sama kerfi svo að foreldrar með börn í mismunandi skólum þurfi ekki að læra á tvö kerfi. Svo sést líka nokkrum sinnum að nemendur eru sagðir mun klárari í þessu forriti þó að foreldrið kunni ekki á það og eins segja sumir að nemendur hafi greinilega ekki fengið nægilega tilsögn í notkun þess. Fram kemur ánægja með að Námfús henti öllum tegundum tækja. Svo koma fram ábendingar um það sem betur mætti fara. Hér koma nokkrar tilvitnanir:

„[Mér] líkar vel við Námfús, vefurinn er aðgengilegur, [b]etra kerfi en Mentor... [því Námfús er]... auðveldara í notkun, kennarar duglegir að setja inn upplýsingar er varða nemandann.“

Hins vegar koma alveg andstæð sjónarmið á móti:

„[Mér] finnst Námfús alltof flókninn – [ég] nenni ekki að skoða hann daglega á meðan ég fer daglega inn á Mentor - hann er miklu einfaldari í notkun“

„[Mér líkar hann] ágætlega til að sjá stöðu og heimavinnu. [En] þegar ég fæ neikvæð ummæli frá skólanum varðandi barnið mitt þá finnst mér þessi leið mjög ópersónuleg og þurr! T.d. truflaði í kennslustund! Mér finnst eins og einhverju sé hent út í loftið og svo ekkert meir. En mér finnst gott að sjá ef eitthvað mál kom upp að það sé leyst.“

Sumir leggja hreinlega ekki í að nota forritið:

„[Ég] nota það ekki, sonur minn sér um það. [Ég] nota það aldrei, sonur minn sér um að fara þangað inn.“

Sumt vantar ennþá:

„[Það] eina sem vantar uppá er að auðvelda samskipti milli foreldra eins og var í Mentor þar sem bekkjarlistar árgangsins voru aðgengilegir og t.d. hægt að senda fjöldapóst á foreldra annara barna í bekknum eða árgangi.“

„[Mér] finnst oft ekki virka að opna tilkynningar, þær koma í öfugri röð (elst fyrst) svo oft erfitt að sjá nýjar tilkynningar. Finnst þetta ekkert alltof þægilegt umhverfi til að vinna í.“

„Það sem ég er ekki ánægð með er að fá ekki póst á netfangið mitt þegar settar eru inn tilkynningar/póstur á námfús, þ.a.l. þarf ég að muna að fara inn reglulega og það bara vill gleymast. Erum orðin vön mentor sem ég kann orðið vel á og er ekki enn búin að sjá hvað er betra við námfús“

Nokkur atriði til umhugsunar

Í nokkrum athugasemdum kemur fram það viðhorf að skóli sé þjónustuaðili og ætlast er til þess að sá þjónustuaðili undirbúi betur fyrir veruleikann auk þess að mata foreldra og nemendur sífellt meira. Þetta kemur t.d. fram í því þegar beðið er um vitnisburðarblað eftir hverja önn, það virðist ekki vera nóg að allt komi fram á vitnisburði vorannar, þó að þessar upplýsingar séu aðgengilegar í millitíðinni á Námfúsi. Það vanti meiri tölvukennslu og lífsleikni, þ.m.t. aflestur launaseðla, á kostnað greina sem fólki finnst ekki endilega þurfa að kenna lengur eins og dönsku; það vanti meira tillit til tómtunda nemenda, t.d. tónlistarnáms eða álags vegna íþróttæfinga þegar t.d. prófatími er ákveðinn.

Það kom fram að foreldrum finnst Garðaskóli vera betri fyrir þá sem eru að standa sig vel í námi, minni hvatning komi til þeirra sem standa ekki eins vel og þurfa jafnvel aðstoð. Einnig sést að sumum foreldrum finnst að þeir sem sigla lygnan sjó í námi geti farið nokkuð létt í gegnum það og sumum leiðist bara því engin sé áskorunin. Lítið sé „gert með þá sem standa sig vel“ eins og það var orðað. Það er auðvitað spurning hvort skólinn eigi að pressa á alla að vera alltaf undir slíku álagi að lítill tími gefist til annars, álags sem henti þá hverjum og einum væntanlega, sérstaklega þegar nokkuð margir aðrir tala um að álag sé almennt of mikið á nemendum.

Varðandi áhrif foreldra á ákvarðanir sem fram kom í lokuðu spurningunum, þá eru hugsanlega tengsl við atriði sem koma fram í opnu svörunum en þar er einmitt nefnt að foreldrar ættu að vera virkari í starfinu og að fólk vill fá meiri upplýsingar frá kennurum. En það gæti aftur tengst við upphaflega vankunnáttu allra aðila á nýja samskiptaforritinu Námfús sem tekið var í notkun í haust.

Varðandi Námfús og byrjunarörðugleika og þar með óánægju margra þá má vafalaust kenna um hvort tveggja óöryggi kennara og galla í Námfúsi fram eftir hausti. Sú staða hefur gjörbreyst eftir því sem á hefur liðið og það hefur haldist í hendur við að margir foreldrar lýsa núna yfir ánægju með Námfús. Svo er það staðreynd að ekki hefur verið haldið námskeið fyrir foreldra. Stutt námskeið að hausti myndi slá á óánægjuraddir og allir myndu sjá hvar hvað er og læra helstu handtökin til þess að geta haldið betur utan um mál síns barns.

Óánægja með mótuneytið kemur nokkuð sterkt fram, bæði að fáir eru í áskrift og þeir sem nota það virðast oft vera óánægðir. Það er hugsanlegt að velta því fyrir sér hvort nemendur geti komið með mat sjálfir sem stenst helstu kröfur heimilisins eða hvort hægt væri að umsjónaraðili mótuneytis nemenda færi að elda matinn í eldhúsinu inn af afgreiðslu mótuneytisins með það markmið að fleiri nemendur borði hollt og vel yfir daginn og kveði niður óánægjuraddir. Enginn minntist á að hafa morgunmat í boði í skólanum, eins og vinsælt er í sumum öðrum skólum. En það var heldur ekki spurt beint um það.

Varðandi það sem rætt er í samskiptakaflanum um virðingu milli aðila og að nemendur eigi að fá meiri virðingu eins og þeim er uppálagt að sýna öðrum, þá kemur ekki fram í nákvæmlega hvaða aðstæðum þarna vanti upp á. Það hlýtur þó að vera ljóst að skylda og ábyrgð forráðamanns gagnvart sínu barni nær yfir að staðfesta og tilkynna leyfi og veikindi nemandans í stað þess að hann geri það sjálfur. Hugsanlegt „virðingarleysi“ sem nemendur upplifa í þessu aðstæðum þegar ekki er nóg að þeir segja sjálfir að þeir hafi verið veikir eða í leyfi á vegum foreldra sinna á því ekki við.

Næsta könnun tekur á viðhorfum starfsmanna, og svo er seinni nemendakönnunin að klárast og verðar þær báðar teknar fyrir á sama hátt á næstu vikum.

Viðauki 1. Orðaský úr jákvæðum áherslum foreldra.



Viðauki 2. Orðaský úr neikvæðum áherslum foreldra.

